

Fundagerð skólaráðs Patreksskóla

1. febrúar 2024 kl. 15:00

Mættir eru: Ásdís Snót Guðmundsdóttir skólastjóri, Kristín Brynja Gunnarsdóttir fulltrúi kennara, Arna Margrét Arnardóttir fulltrúi kennara, Kris Bay fulltrúi starfsfólks, Lilja Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Ásdís Ásgeirsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Fjarverandi: Ásgeir Þór Marteinsson fulltrúi nemenda og Guðmundur Sævar Vignisson fulltrúi nemenda.

Fundaritari: Arna Margrét Arnardóttir

Dagskrá

- Valgreinar vorannar
 - Ásdís Snót fer yfir valgreinar vorannar hjá unglingastigi. Ýmislegt var í boði fyrir nemendur til að velja úr, m.a. áhugasvið, árbók, leikskóli og frístund, skák, slökun, spilaval, þrívíddarprentun og vínyskeri ásamt ýmsu öðru. Bíómyndaval er vinsælast, einnig eru margir nemendur skráðir á æfingar hjá íþróttafélaginu og hægt að skrá það sem valgrein. Valtímar eru jafn mikilvægir og tímar innan stundatöflu.
- Fjárhagsstaðan í lok árs 2023
 - Ásdís Snót fer yfir fjárhagsstöðuna. Rauntölurnar eru innan marka miðað við fjárhagsáætlun en einhverjir reikningar eiga eftir að skila sér. Fyrir árið fékk skólinn 5 milljónir til að kaupa húsgögn og aðra innanstokksmuni. Búið er að kaupa stóla og borð fyrir unglingastig. Næst verður keypt fyrir miðstig ásamt því að kaupa eins sófa og eru á unglingaganginum. Styttist í að ný eldhúsinnrétting verði sett upp á leikskóladeildinni. Settur verður upp nýr stálvaskur á salerninu sem leikskóladeildin notar. Hann verður í hæð fyrir nemendur. Nýtt fatahengi er komið fyrir neðri skólann. Eftir helgina kemur málari til að veggina áður en nýja fatahengið verður sett upp. Skipt verður um glugga á efri og neðri hæð í efri skólanum ásamt því að sett verður upp ný útidyrhurð í efri skólanum. Komin er ný rafmagnstafla í efri skólanum og brunakerfi uppsett. Í apríl verður byrjað á fyrstu tveimur fösunum á skólalóðinni. Tröppurnar við aðalinnganginn verða teknar í gegn, stálstiginn á milli "hæða" á lóðinni verður færður til. Gerður verður göngustígur fyrir neðan gluggana á matsalnum ásamt hjólastólaaðgengi. Sett verða leiktæki á hringtorgið við íþróttahúsið. Eins og lesa má er verið að gera helling til að gera fínt og skemmtilegt hér hjá okkur. Setja þarf í forgang að fá rými fyrir heimilisfræði.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 lögð fram (ef tilbúin frá Vesturbyggð)
 - Skólinn fékk pening í þær viðgerðir og framkvæmdir sem nefndar eru hér að ofan.

- Skóladagatal, kynning og umræða
 - Ásdís Snót fer yfir fyrstu drög að skóladagatali 2024 – 2025.
- Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs
 - Undirbúningurinn er að hefjast. Ásdís Snót gerir ráð fyrir því að skólinn verði vel mannaður á næsta skólaári. Alltaf þarf að auglýsa leiðbeinendastöður. Einnig nefnir Ásdís Snót frá verkefni sem skólanum var boðið að taka þátt í. Verkefnið heitir Nurture og fór Ásdís Snót ásamt Arnheiði í kynningarferð í janúar til Glasgow. Tveimur stórum skólum var boðið að taka þátt og tveimur litlum. Stefnt er að því að þessi stefna verið í öllum skólum á landinu. Stapaskóli byrjaði í þessu verkefni núna eftir áramót og er prufuskóli. Verkefnið/stefnan snýst um farsæld nemenda, tengslamyndun þeirra í skólastarfi og m.a. að þeim finnist þeir öruggir í skólaumhverfinu.

Fundi slitið kl. 15.55.